

Uppúr skúffunum 2007

Afhending verðlauna í samkeppninni Upp úr skúffunum 2007 fór fram föstudaginn 26. nóvember 2007. Athöfnin sem haldin var í Tæknigarði hófst með ávarpi Ástu Valdimarsdóttur forstjóra Einkaleyfastofu. Síðan afhenti Rektor Háskóla Íslands, dr. Kristín Ingólfssdóttir, höfundum þriggja tillagna viðurkenningar. Að því loknu flutti dr. Jóhann P. Malmquist úr hópi vinningshafa ávarp.

Fyrstu verðlaun komu í hlut dr. Halldórs Þormars og Hilmars Hilmarssonar B.Sc fyrir tillögu þeirra um notkun á fitusýrunni mónócaprín til þess að fást við bakteríumengun í alifuglarækt. Mónócaprín er náttúruleg sýra sem vinnur á fjölda baktería þar með talið *Camphylobacter*. Baktería þessi er árstíðabundið vandamál hér á landi en mikið vandamál í Evrópu. Að auki felast talsverðir möguleikar í að blanda mónócaprín í hreinsiefni, sérstaklega til notkunar í matvælaiðnaði.

Dr. Sveinbjörn Gizurarson hlaut önnur verðlaun fyrir tillögu að hjálparefninu „mpeg“. Þetta er fjölliða sem nota má sem burðarefnni til þess að flytja ýmis lyf gegnum slímhúðir, t.d í nefholi. Lyfjagjöf með þessum hætti er fljótvirk og áhrifamikil saman borðið við t. d. lyfjagjöf með inntökum. Auk þess er hægt að stýra lyfjamagni betur en með inngjöfum gegnum meltingarveg. Höfundurinn er hefur lagt inn umsókn um einkaleyfi á hugmyndinni og hefur með þáttöku Háskóla Íslands gert samning um nýtingu á fjölliðunni við bandarískt fyrirtæki. Þetta er fyrsti nýtingarsamningurinn þar sem H. Í samningsaðili.

Priðju verðlaun hlutu þeir dr. Jóhann P. Malmquist og Guðmundur F. Jónasson B.Sc fyrir tillögu þeirra um gagnvirkan gítarstilli með farsíma. Farsíminn er notaður til þess að keyra forrit, annað hvort í símanum sjálfum eða með því að hringja í númer sem ræsir forritið. Tónn frá hverjum streng er síðan greindur og borinn saman við staðlaðan tón. Með þessu móti er einnig hægt að vanstilla gítarinn í ákveðnum þrepum, annað hvort hærra eða lægra en almennt gerist.

